

Mánudaginn 21. júní 1937.

Nr. 19/1937. **Ölver Karlsson**

(Einar B. Guðmundsson)

gegn

**Hallfríði Stefaníu Axelsdóttur**

(Enginn).

Barnsfaðernismál.

*Dómur lögregluréttar Eyjafjarðarsýslu og Akureyrar-kaupstaðar 31. des. 1936:* Vinni stúlkan, Hallfríður Stefania Axelsdóttir, Stóragerði, Hörgárdal innan Eyjafjarðarsýslu, eið að því, á varnarþingi sínu eftir löglegan undirbúning innan réttarins, innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa, að hún hafi haft holdlegt samræði við kærðan, Ölve Karlsson, Myrkárdal, á tímabilinu frá 10. ág. 1933 til 20. okt. 1933, þá skal hann teljast faðir að sveinbarni því, sem hún ól 14. júní 1934, greiða meðlag með því og barnsfararkostnað eftir yfirvaldsúrskurði, og ennfremur málskostnað allan, þar á meðal 20 kr. til talsmanns kærða, Björns Halldórssonar, lögfræðings.

Vinni hún hinsvegar ekki eiðinn, skal kærði vera sýkn af öllum kröfum hennar í þessu máli og málskostnaður greiðast af almannafé.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur hæstaréttar.**

Máli þessu hefir áfrýjandi skotið til hæstaréttar með stefnu, dags. 4. marz þ. á., en stefnda hefir hvorki mætt né látið mæta, og er henni þó löglega stefnt. Málið hefir því verið flutt skriflega samkv. 1. tölulið 38. gr. hæstaréttarlaganna nr. 112/1935, og er dæmt samkvæmt framlögðum skjölum.

Áfrýjandi hefir krafizt þess: *aðallega*, að hann verði sýknaður af kröfum stefndu í málinu, en *til vara*, að honum verði dæmdur synjunareiður í því, og loks *til þrautavara*, að verði stefndu dæmdur

fyllingareiður, þá sé henni stílaður eiðstafur á þá leið, að hún hafi haft samfarir við áfrýjanda *einan manna* á hugsanlegum getnaðartíma barnsins.

Eftir atvikum málsins, sem lýst er í hinum áfrýjaða dómi, þykir mega á það fallast, að úrslit þess séu undir því komin, hvort stefnda vinnur eið að því, eftir löglegan undirbúning á varnarþingi samkvæmt 166. gr. laga nr. 85/1936, innan 6 vikna frá birtingu dóms þessa, að hún hafi haft holdlegar samfarir við áfrýjanda aðfaranótt hins 8. október 1933. En við þann tíma einan ber að miða, þar eð stefnda hefir ekki haldið því fram, að hún hafi haft samfarir við áfrýjanda á öðrum tíma, sem hér skiptir máli. Vinni hún eiðinn, þá skal áfrýjandi teljast faðir sveinbarns þess, er hún ól hinn 14. júní 1934, og ber honum þá að greiða meðlag með því og barnsfararkostnað, hvorttveggja eftir yfirvaldsúrskurði, og ennfremur málskostnað í héraði, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Björns Halldórssonar, málflutningsmanns, 50 krónur, en málskostnaður fyrir hæstarétti fellur þá niður.

Verði stefndu hinsvegar eiðfall, á áfrýjandi að vera sýkn af kröfum hennar, og ber henni þá að greiða honum málskostnað fyrir báðum réttum með 200 krónum.

#### Því dæmist rétt vera:

Ef stefnda, Hallfríður Stefania Axelsdóttir, innan 6 vikna frá birtingu dóms þessa, eftir löglegan undirbúning vinnur eið að því á varnarþingi samkvæmt 166. gr. laga nr. 85/1936, að hún hafi haft holdlegar samfarir við áfrýjanda, Ölve Karlsson, aðfaranótt hins 8. október 1933,

þá skal áfrýjandi teljast faðir sveinbarns þess, sem stefnda ól hinn 14. júní 1934, og vera skyldur til að greiða meðlag með barninu og barnsfararkostnað eftir yfirvaldsúrskurði, og enn fremur allan kostnað málsins í héraði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns hans þar, Björns Halldórssonar, málflutningsmanns, 50 kr., en málskostnaður fyrir hæstarétti á þá að falla niður.

Verði stefndu aftur á móti eiðfall, skal áfrýjandi vera sýkn af kröfum hennar, og skal hún þá greiða honum málskostnað fyrir báðum réttum með 200 krónum.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Kærandi í þessu máli, Hallfríður Stefanía Axelsdóttir, Stóragerði í Hörgárdal, ól sveinbarn 14. júní 1934 og lýsti hún föður að barni þessu, Ölve Karlsson, Myrkárdal, Hörgárdal. Fullyrðir hún, að barn þetta hafi komið undir 8. október 1933 við samræði, er hún átti standandi upp við vegg við Ölve Karlsson í hesthúsinu í Myrkárdal.

Skýrir hún svo frá, að þau hafi orðið samferða af skemmtun, sem haldin var á Mýrká í Hörgárdal. Segir hún, að Anna systir hennar, 15 ára, og Ingvar bróðir hennar, 10 ára, hafi verið fyrst með þeim, en svo fóru þau á undan þeim. Er kærandi og kærður komu í laut í Kerlingarstekk, segir hún, að Ölver hafi tekið utan um sig og beðið um að mega hafa samræði við hana, en hún neitaði því, enda var snjór á jörðu. Bauðst hann þá til að leggja frakka undir hana, en eigi að síður neitaði hún honum um samræðið. Segir hún svo, eins og áður er vikið að, að samræðið á milli þeirra hafi farið fram í hesthúsinu í Myrkár-

dal. 14 dögum á undan hafði hún tíðir, en hafði svo ekki tíðir, fyrr en eftir barneignina.

Hún segir, að enginn hafi haft samræði við sig annar en Ölver, sem geti verið faðir að barninu. Föðurbróðir Ölves, Hallgrímur Hallgrímsson frá Féeegsstöðum hafði tvisvar samræði við hana, en þá var meðgöngutíminn hálfnaður. Var þetta heima á Féeegsstöðum, er hún var hjá honum um 3ja vikna skeið. Kærandi hefir neitað, að hún hafi dvalið oftast hjá Hallgrími en greindan tíma, en þó hefir sannast og hún játað, að hún hafi verið þar um 21. nóvember 1933 í kringum vikutíma. Að visu er það nú fremur ólíklegt, að hún hafi verið búin að gleyma dvölinni 21 nóv., en þó er það ekki útilokað, en á hitt ber að líta, að þó hún hefði haft samræði við Hallgrím á þessum tíma, þá virðist barnið ekki geta verið komið undir þá. Þá er og viðurkennt, að Hallgrímur kom til stúlkunnar fyrir göngur 1933, er hún var á Akureyri, en göngurnar eru um miðjan september. Eins og kunnugt er, miðar sveitafólk fremur við atburði eins og göngur en við mánaðardaga. Neitar Hallgrímur að hafa haft samræði við stúlkuna þá, var barn inni hjá henni þann stutta tíma, sem hann var inni hjá henni.

Rannsókn hefir leitt í ljós, að stúlkann hefir fengið bezta vitnisburð hjá húsbændum sínum á Akureyri, og ekkert tortryggilegt komið fram um hana, er hún dvaldi þar.

Kærður hefir neitað, að börnin hafi verið á undan þeim, er heim var komið af skemmtuninni, en þvert á móti segir hann, að lengra hafi ekki verið á milli þeirra en þau hefðu mátt ræða saman. En börnin segja aftur, að þau hafi skilið við þau og verið komin heim nokkru á undan þeim. Kærður neitar því, að hann hafi tekið utan um kæranda í lautinni og enn að hann hafi farið inn í hesthúsið með henni. Og öllu neitar hann um samfarir. En við það kannast hann, að hún hafi, eftir að hún átti barnið, spurt sig um, hvort hann vildi kannast við að vera faðir að því. Blóðprufa hefir verið gerð á móður og barni og Ölve, en hún sýndi ekkert um faðernið.

Ágreiningur varð milli héraðslæknis á Akureyri og Jóns Geirssonar læknis hér, hvort barnið gæti verið komið undir 8. október. Neitar héraðslæknir, að svo geti verið, en álit Jóns Geirssonar fer í öfuga átt. Ágreiningurinn var lagður

undir landlækni, og er sú niðurstaða, sem hann kemst að, þessi:

„Samkvæmt þessu verður því ekki neitað, að barn það, er hér um ræðir og fæddist 14. júní 1934, getur verið komið undir við samfarir 8. október árið fyrir, og ekki síður fyrir það, að samkvæmt fyrirbyggjandi upplýsingum var barnið ekki tiltakanlega þungt og vantaði að minnsta kosti eitt og ekki lítilsvært einkenni fullburða þunga.“

Vottorð læknis liggur og fyrir um það, að ekkert sé því til fyrirstöðu, að barnið hafi getað komið undir, þó samræðið hafi átt sér stað standandi.

Í vitnisburði kærða og kæranda, hverjum út af fyrir sig, er þau skýra frá, hvað á milli þeirra hafi farið, er ekki ósamræmi. Engar sannanir eru heldur færðar fyrir því, að framburður kærða um það, að hann og kærandi og börnin hafi orðið samferða af dansleiknum, sé rangur, enda vitni þau, sem leidd hafa verið, svo skyld kæranda, að vitnisburðir þeirra hafa ekki löglegt sönnunargildi, en þrátt fyrir þetta, þó ekki sé um sönnun að ræða, eru þó nokkrar líkur fyrir, að kærandi segi rétt frá ferðalaginu, en auðvitað eru það aðeins líkur, og eins er viðurkenning fyrir því, að kærandi hafi spurt kærða, nokkru eftir barn-eignina, hvort hann viðurkenndi, að hann væri faðir að barninu, en mjög mikla frekju þarf til að koma með slíka spurningu, ef skýrsla kærða er rétt í alla staði. Þar sem hvergi kennir ósamræmis í framburði kæranda um samfarir kærða og hennar, en aðeins um dvölina hjá Hallgrími, sem vel getur stafað af misminni, og þar sem hinsvegar vitnisburðir húsbænda kærða á Akureyri um framferði hennar eru henni mjög í vil, eru nokkrar líkur fyrir því, að skýrsla hennar um ferðalagið frá dansleiknum geti verið rétt, en hinsvegar samkvæmt álitum landlæknis, sem stutt er af álitum erlendra fræðimanna, ekkert því til fyrirstöðu, að barnið hafi getað komið undir á þeim tíma, sem kærandi segir, að samfarir hafi átt sér stað, þá þykir að þessu athuguðu rétt að láta úrslit málsins vera komin undir eiði kæranda, þannig að ef Hallfríður Stefania Axelsdóttir vinnur eið að því, eftir löglegan undirbúning á varnarþingi sínu innan 30 daga frá lögbirtingu þessa dóms, að hún hafi haft holdlegt samræði við kærða, Ölve Karlsson, Myrkárdal, á tímabilinu frá 10. ágúst 1933 til 20. okt. 1933,

þá skal hann teljast faðir sveinbarns þess, er hún ól 14. júní 1934, greiða meðlag með því og barnsfararkostnað eftir yfirvaldsúrskurði og enn fremur málskostnað allan, þar á meðal 20 krónur til talsmanns kærða, Björns Halldórssonar, lögfræðings. Vinni hún hinsvegar ekki svofelldan eið, skal kærður, Ölver Karlsson, vera sýkn af öllum kröfum hennar í þessu máli, og málskostnaður greiðast af almannafé.

Á þessu máli hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Mánudaginn 21. júní 1937.

Nr. 26/1937. Ólöf Guðmundsdóttir f. h. dánarbús  
Sigfúsar Sveinssonar

(Jón Ásbjörnsson)

gegn

Veiðarfæraverzlunin „Verðandi“ s/f  
og gagnsök (Eggert Claessen)

og

Veiðarfæraverzlunin „Verðandi“ s/f  
gegn

þeim Benedikt Jónssyni, B. Schmidt,  
Ásgeir Ásgeirssyni, Pétri Guðmunds-  
syni, Jakob Vilhjálmssyni, Helga  
Einarssyni og Auðuni Hermanns-  
syni (Enginn).

Spurning um, hvort verzlunarfyrirtæki, sem lagt hafði veiðarfæri og skipsnauðsynjar til fiskiskips, hefði sjóveðrétt í skipinu fyrir úttektinni eða kröfu á hendur útgerðarmönnum persónulega. Úrslit málsins látin velta á eiði fyrirsvarsmanns verzlunarfyrirtækisins.